

Leiðbeiningar vegna próftöku í bóklegum flugprófum hjá Samgöngustofu

Prófin eru tekin rafrænt í tölvu Samgöngustofu, þar sem notast er við læstan netvafra (Secure browser). Í Secure browser er ekki hægt að opna önnur forrit eða vafra á meðan prófi stendur. Ef reynt er að opna önnur forrit eða vafra slekkur prófið á sér og er ekki hægt að opna það aftur.

Innskráningarblaði sem dreift er í upphafi prófs skal skila til yfirsetumanns að prófi loknu.

Innskráningar ferli:

Skrá inn notendanafn og lykilorð, eins og það kemur fram á innskráningarblaði. Muna eftir bandstriki fyrir framan fjóra síðustu tölustafi í kennitölu.

Lesið yfir skilmála og reglur sem birtast á skjánum og hakið við samþykkt ef skilmálar eru samþykktir.

Valmynd birtist próftaka um þau próf sem hann er skráður í.

Það er á ábyrgð próftaka að velja rétt próf og tungumál. Val um tungumál birtist þegar próftaki ýtir á „Start“ hnapp.

Prófið sjálf:

Hér má sjá sýnishorn af bóklegum prófum og hvernig rafræna prófkerfið (LTS PEXO) lýtur út. Mikilvægt er að próftakar skoði vel: [Sýnishorn af ATPL prófi](#) og [Sýnishorn af PPL prófi](#).

Mark: Hægt er að merkja spurningu sem þið ætlið að fara betur yfir seinna í prófinu. Ekki er nauðsynlegt að taka það af áður en prófi lýkur.



Comment: Ef þið hafið athugasemdir við spurningarnar þá er hægt að ýta á 'Comment' hnapp í tækjaslá.

Þá opnast skilaboðagluggi þar sem hægt er að gera skriflega athugasemd við spurningu. Allar athugasemdir eru yfirfarnar af Samgöngustofu áður en einkunnir eru gefnar út.



Annex: Á tækjaslánni er hnappur sem stendur á Annex, þar birtast fylgiskjöl þegar það við á.



Próftíma má sjá í efra hægra horni. Þegar minna en 5 mínútur eru eftir af prófinu verður klukka rauð á litinn og tilkynning birtist um að próftími sé að renna út.

Remaining time: **00:13:55**

Yfirsetumaður má ekki svara efnislegum spurningum varðandi prófið.

Ef upp koma tæknileg vandamál á meðan próftöku stendur skal próftaki rétta upp hönd og bíða eftir hjálp frá yfirsetumanni. Ekki slökkva á tölvunni eða endurræsa hana.

Útskráning úr prófi:

Þegar próftaki hefur lokið prófi og vill skila prófi inn er ýtt á 'Finish' hnapp, og svo 'Yes' til að staðfesta. Ekki er hægt að fara aftur í prófið eftir það. Að því loknu skal ýtt á 'Sign Out' hnapp til að skrá sig út.